

# Styrkir byggðapróunarverkefnisins Hrísey, perla Eyjafjarðar

---

Verkefnisstjórn byggðapróunarverkefnisins Hrísey, perla Eyjafjarðar ætlar að úthluta því sem eftir stendur af styrkfé verkefnisins fyrir árið 2016, eða kr. 3.700.000. Styrkfénu er ætlað að styrkja verkefni og atburði, sem falla að áherslum byggðaverkefnisins. Stefnumótun og helstu markmið verkefnisins má sjá á [www.hrisey.is](http://www.hrisey.is) og þar er einnig að finna sniðmát fyrir styrkumsóknir.

Ekki er gerð krafa um mótframlag en jafnan er það talið verkefnum til framdráttar ef þau laða fram krafta þátttakenda í samræmi við þá hugsun sem liggur til grundvallar verkefninu Brothættar byggðir. Enn fremur styrkir það verkefni ef þau leiða til samstarfs aðila innan héraðs og/eða til samstarfs við aðila utan héraðs. Styrkhæf verkefni eru rannsóknar-, þróunar- og nýsköpunarverkefni þar sem markvisst er stefnt að markaðssetningu nýrrar eða endurbættrar vöru eða þjónustu. Enn fremur samfélagsefandi verkefni önnur en þau sem teljast til lögbundinna og/eða hefðbundinna verkefna ríkis eða sveitarfélaga.

Frekari upplýsingar um verklag vegna styrkja má finna á vef Byggðastofnunar í viðauka við verklýsingu verkefnisins:

[http://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar\\_byggdir/verklýsings/bb2-vidauki-vstyrkir-utg-2-1-mars-2016.pdf](http://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar_byggdir/verklýsings/bb2-vidauki-vstyrkir-utg-2-1-mars-2016.pdf)

Umsóknum um styrki skal skila rafrænt á netfangið [helgairis@akureyri.is](mailto:helgairis@akureyri.is) fyrir föstudaginn 4. nóvember 2016. Nánari upplýsingar og ráðgjöf veitir Helga Íris Ingólfssdóttir verkefnisstjóri í s. 690-2333 eða á netfanginu [helgairis@akureyri.is](mailto:helgairis@akureyri.is)



Akureyri



BYGGÐASTOFNUN



EYÞING  
SAMBAÐ SVEITARFÉLAGA  
Í EYJAFIRÐI OG ÞINGEYJARSÝSLUM

